

Reykjavík, mars 2025

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík
v/tilnefninga til stjórnar Landsnets

Samkvæmt 4. mgr. 44. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál tilnefnir ráðherra „í stjórnir félaga sem ríkið á eignarhlut í á grundvelli hæfni og menntunar eða reynslu.“ Skulu viðeigandi kröfur byggja á reglum sem ráðherra setur um „almenn og hlutlæg skilyrði fyrir vali til setu í slíkum stjórnnum og birtir opinberlega sem hluta af eigandastefnu.“

Ráðherra óskar hverju sinni formlega eftir tilnefningum valnefndar um stjórnarmenn fyrir stjórnarkjör í hlutaðeigandi stjórnnum. Ráðherra hefur í samræmi við lög sett valnefndinni starfsreglur til að styðjast við í mati sínu á hæfni, menntun og reynslu einstaklinga sem til greina koma til setu í stjórnnum fyrirtækja í eigu ríkisins.

Samkvæmt reglum um val og hæfniskröfur stjórna félaga í eigu ríkisins skal valnefnd í hvert sinn leggja til við ráðherra tvo einstaklinga fyrir hvert stjórnarsæti.

Valnefnd orkufyrirtækja í eigu ríkisins skipa Erna Agnarsdóttir, Helgi Þór Ingason og Sverrir Briem, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Í mars 2025 óskaði ráðherra eftir tilnefningum valnefndar á stjórnarmönnum fyrir aðalfund Landsnets.

Aðferðafræði valnefndar

Í samræmi við ofangreinda beiðni hefur valnefndin metið einstaklinga sem sýnt hafa áhuga á að sitja í stjórnnum fyrir hönd ríkisins. Samkvæmt reglum um val og hæfniskröfur stjórna félaga í eigu ríkisins skal leitast við að tryggja að þeir einstaklingar sem skipa stjórnir félaga í eigu ríkisins hafi sameiginlega næga þekkingu, kunnáttu, fjölbreytni og reynslu til að auka getu stjórnar til að tryggja að skipulag og starfsemi félagsins sé í sem bestu horfi.

Í skipunarbréfi valnefndar segir: "Valnefnd er sjálfstæð í sínum störfum, enda er markmiðið með fyrirkomulaginu að val á einstaklingum sem til greina koma í stjórnir byggji á faglegum og vönduðum grunni. Valnefnd skal í vinnu sinni eftir því sem við á hagnýta skrár ráðuneytisins til að meta hæfni einstaklinga sem hafa áhuga á að taka sæti í stjórnnum og hafa samráð við ráðuneytið telji hún ástæðu til að auglýsa sérstaklega eftir hæfum einstaklingum. Valnefnd er þá jafnframt heimilt að leita eftir einstaklingum að eigin frumkvæði."

Lagðar voru til grundvallar þrjár lykilheimildir frá fjármála- og efnahagsráðuneyti:

- Almenn eigendastefna ríkisins fyrir félög í eigu ríkisins (september 2021)
- Reglur um val og hæfniskröfur stjórna félaga í eigu ríkisins (14. febrúar 2025)
- Auglýsing fjármála- og efnahagsráðuneytis um nýtt verklag við val í stjórnir ríkisfyrirtækja (14. febrúar 2025)

Á grundvelli þessara heimilda var helst litið til eftirfarandi atriða við mat á hæfni einstaklinga og við undirbúning tillagna um einstaklinga til stjórnarsetu í Landsneti:

- Yfirgripsmikil reynsla af rekstri
- Þekking á íslensku atvinnulífi
- Reynsla af stjórnarsetu, stjórnun og góðum stjórnarháttum
- Þekking á starfsumhverfi viðkomandi fyrirtækis
- Reynsla af stefnumótun
- Reynsla af og þekking á fjármálum, mannauðsmálum og sjálfbærni
- Leiðtogahæfni
- Traust og gott orðspor

Stjórnarmenn skulu jafnframt vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Við mat á óhæði skal höfð hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq Iceland um stjórnarhætti. Þá skal þess jafnframt gætt að ekki sé hætta á hagsmunaárekstrum vegna annarra starfa stjórnarmanna, en þar skal sérstaklega litið til tengsla við önnur félög sem starfa í sama samkeppnisumhverfi. Hvorki starfsmenn félags né kjörnir fulltrúar á Alþingi eða í sveitarstjórnnum skulu tilnefndir fyrir hönd ríkisins til setu í stjórn félags í eigu þess.

Út frá fyrirbyggjandi gögnum og upplýsingum lagði nefndin mat á það að hve miklu leyti þeir einstaklingar sem lýstu yfir áhuga á stjórnarsetu byggju yfir þeirri hæfni sem lýst er hér að ofan. Þá var sérstaklega hugað að því að stjórnin og þeir einstaklingar sem í henni sitja hefðu sameiginlega næga þekkingu, kunnáttu, fjölbreytni og reynslu til að stuðla að því að skipulag og starfsemi Landsnets sé í sem bestu horfi.

Æskilegt er að við mat á samsetningu stjórnar sé litið til þess að innan hennar sé hæfileg breidd hvað varðar m.a. menntun, faglegan bakgrunn, kyn, þekkingu og reynslu. Leitast skal við að tryggja sem jöfnust kynjahlutföll innan stjórna.

Tilnefningar valnefndar

Eftir heildstætt mat og samanburð á hæfni þeirra einstaklinga sem gáfu kost á sér eru tilnefningar valnefndar til stjórnarsetu í Landsneti eftirfarandi í stafrófsröð:

- | | |
|-----------------------------------|-----------------------------|
| • Ásta Sólilja Guðmundsdóttir | • Hlíf Sturludóttir |
| • Einar Þorsteinsson | • Kristján Arinbjarnar |
| • Eiríkur H. Hauksson | • Ruth Elfarsdóttir |
| • Haraldur Flosi Tryggvason Klein | • Sigrún Björk Jakobsdóttir |
| • Harpa Böðvarsdóttir | • Stefán Pétursson |

Nánari upplýsingar um hvern og einn tilnefndan stjórnarmann má finna í viðauka.

Virðingarfyllst,
valnefnd ríkisins,
Sverrir Briem, formaður
Erna Agnarsdóttir
Helgi Þór Ingason

Viðauki



Ásta Sólilja Guðmundsdóttir

Ásta hefur verið framkvæmdastjóri Klak-Icelandic Startups frá febrúar 2023. Áður starfaði Ásta sem viðskiptaþróunarstjóri hjá Auðnu tæknitorgi og þar áður sem fjármálastjóri Volta. Þá hefur hún einnig starfað hjá Actavis og Íslenskri erfðagreiningu. Ásta er með MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík, meistaragráðu í heilbrigðisvísindum frá Háskóla Íslands og BS-gráðu í líffræði frá sama skóla.



Einar Þorsteinsson

Einar er í dag sjálfstætt starfandi ráðgjafi og leiðsögumaður. Hann var forstjóri Alcoa Fjarðaráls frá 2021 til 2023, forstjóri Elkem Ísland frá 2008-2014 og aftur frá 2019-2020. Einar var forstjóri Íslandspósts 1998-2005 og framkvæmdastjóri Pósthússins 2005-2007. Hann er með BS gráðu í véla- og iðnaðarverkfræði frá háskólanum í Álaborg og meistaragráðu í hag- og rekstrarverkfræði frá sama skóla.



Eiríkur Haukur Hauksson

Eiríkur er framkvæmdastjóri Búfesti hsf en þar hefur hann starfað frá 2018. Hann var fjármálastjóri hjá félaginu 2018-2019 og tók við sem framkvæmdastjóri 2019. Áður var Eiríkur sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps 2014-2018 og framkvæmdastjóri Leikfélags Akureyrar 2011-2014. Hann var í stjórn Íslandspósts 2014-2017 og 2019-2022 og stjórnarformaður 2014-2017. Eiríkur er BS í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og stundar MBA nám við sama skóla.



Haraldur Flosi Tryggvason Klein

Haraldur Flosi er lögmaður, stofnandi og einn af eigendum hjá LMG Lögmönnum. Hann hefur meðal annars verið stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur og Félagsbústaða, framkvæmdastjóri Exton, stjórnandi hjá Lýsingu og framkvæmdastjóri DK hugbúnaðar. Haraldur Flosi lauk lögræðiprófi frá Háskóla Íslands, Magister Juris prófi frá Oxford University og MBA gráðu frá Oxford Brookes University.



Harpa Böðvarsdóttir

Harpa hefur verið sviðsstjóri umferðarsviðs Samgöngustofu frá 2020. Hún var forstöðumaður stefnu og árangurs hjá Veitum á árunum 2019-2020 og sviðsstjóri starfsmannasviðs Actavis 2008-2018. Harpa var varamaður í stjórn Samorku 2019-2020 og sat í fræðslu- og menningarnefnd og skipulags- og byggingarnefnd Ölfus 2018-2022. Harpa er BA í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands, MSc í stjórnun og stefnumótun frá Copenhagen Business School og MSc í fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík.

**Hlíf Sturludóttir**

Hlíf Sturludóttir er eigandi og framkvæmdastjóri Mósa ehf. sem starfar við fjárfestingar. Hún er stjórnarformaður Hýsils ehf. sem rekur Hús verslunarinnar og hefur setið í stjórn félagsins frá 2006. Þá sat Hlíf í stjórn Ölmú leigufélags 2019-2020, í stjórn Framtíðarinnar ehf. 2015-2019 og í stjórn GAMMA Capital Management 2013-2020, og var stjórnarformaður félagsins um tíma. Hlíf hefur setið í stjórnnum margra annarra félaga, m.a. Norlax A/X í Danmörku, Metrobet Ltd. í Bretlandi, Rahbekfisk A/S í Danmörku. Hlíf er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og MBA frá Háskólanum í Edinborg.

**Kristján Arinbjarnar**

Kristján er í dag sjálfstætt starfandi ráðgjafi. Hann starfaði í ýmsum stjórnunarstöðum hjá ÍAV 2000-2024. Fyrst sem verkefnastjóri en síðar sem framkvæmdastjóri Tækni og þjónustu. Hann var varaformaður stéttarfélags Verkfræðinga, 1988-1992, meðstjórnandi í Fasteignastjórnunarfélagi Íslands 2011-2013 og hefur setið í stjórn Félags Verktaka. Kristján er með BS gráðu í byggingaverkfræði frá Háskóla Íslands og meistaragráðu í sama fagi frá DTU í Danmörku.

**Ruth Elfarsdóttir**

Ruth Elfarsdóttir er framkvæmdastjóri fjármála hjá Sensa by Crayon. Hún starfaði sem framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs Vegagerðarinnar á árunum 2019 til 2022 og framkvæmdastjóri fjármálasviðs Alcoa Fjarðaráls 2005-2017. Áður starfaði Ruth m.a. sem deildarstjóri hag- og bókhaldsdeildar hjá Samskipum og deildarstjóri fjárreiðudeildar og síðar hagdeildar hjá Skeljungi. Ruth er með BSc í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og MSc í stjórnun og stefnumótun frá sama skóla.

**Sigrún Björk Jakobsdóttir**

Sigrún hefur verið stjórnarformaður Landsnets frá 2016. Hún hefur verið framkvæmdastjóri Isavia Innanlandsflugvalla frá árinu 2018. Hún var hótélstjóri Icelandair Hotel á Akureyri 2011-2018 og bæjarstjóri á Akureyri 2007-2009. Hún er hótélrekstrarfræðingur frá Luzern í Sviss.

**Stefán Pétursson**

Stefán hefur verið fjármálastjóri Epiendo Pharmaceuticals frá árinu 2022. Hann var áður fjármálastjóri Arion banka 2010-2021. Stefán var fjármálastjóri Landsvirkjunar 2002-2010 og yfir fjárstýringu félagsins 1992-2002. Hann hefur setið í stjórnnum Landfesta 2011-2014, Valitor 2016-2019 og hefur setið í stjórn Íslandsbanka frá 2023. Hann er með MBA gráðu frá Babson College í Massachusetts og Cand. Oecon gráðu frá Háskóla Íslands.
